

Einhverfurófið

Evald Sæmundsen PhD
Fagsvið einhverfu
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Einhverfa og einhverfuróf

- ▶ Einvörfa er samsafn hegðunareinkenna sem verða til vegna röskunar í taugaproska og birtast á mismunandi tímum eftir fæðingu
- ▶ Einkennin geta verið mismunandi mörg og af mismunandi styrkleika sem ræður alvarleika þeirra
- ▶ Til að lýsa þessum breytileika er notað hugtakið einhverfuróf
- ▶ Raskanir á einhverfurófi eru því mismunandi birtingarmyndir af einhverfu

Ágrip af sögu einhverfurófsins

- ▶ Saga einhverfurófsins er jafn gömul lýsingu Kanners (1943) á **einverfu** og lýsingu Aspergers (1944) á **einverfusálsýki**, sem síðar var nefnd í höfuðið á honum
- ▶ Kanner var að lýsa alvarlegasta hluta einhverfurófsins sem hefur sterk tengsl við þroskahömlun og flogaveiki, en Asperger var að fást við vægari einkennafræði og minni skerðingu í taugaproska


Þrjú einkennasvið

- ▶ **Skert færni í félagslegu samspili** (dæmi: lítill áhugi á fólki og tengsl við jafnaldra takmörkuð; takmarkað augnsamband, svipbrigði og látbragð; erfitt að deila með öðrum; lítil gagnkvæmni)
- ▶ **Skert færni í máli og tjáskiptum** (dæmi: lítið frumkvæði til samskipta; takmörkuð eftirherma; seinkaður málproski og takmarkað tal; sérkennileg málnotkun)

Þrjú einkennasvið

- ▶ Sérkennileg og/eða árátukennd hegðun (dæmi: óvenjuleg áhugamál og hugðarefni; árátukennd þörf fyrir að fylgja ákveðnum föstum venjum; síendurteknar hreyfingar; óvenjulegur áhugi á ákveðnum eiginleikum hluta)
- ▶ Auk þess ýmis konar ofurnæmi í skynjun og erfiðleikar við að sameina upplýsingar frá ólíkum skynsviðum

Einkenni á einhverfurófi og tengsl þeirra við algenga persónuleikabætti



Styrkleikar

- ▶ Styrkleikar geta komið fram hjá öllum einstaklingum ef miðað er við þá sjálfa, óháð greind
- ▶ Einstaklingar í öllum flokkum einhverfu geta haft mismundandi mynstur veikleika og styrkleika
- ▶ Sami eiginleiki getur verið veikleiki við vissar kringumstæður en styrkleiki við aðrar

Einkenni.....

- ▶ Að hafa afar þröng áhugamál
- ▶ Að geta einbeitt sér að afmörkuðu viðfangsefni í langan tíma
- ▶ Að hafa allt í föstum skorðum
- ▶ Að gera hlutina alltaf í sömu röð
- ▶ Að hafa meiri áhuga á hlutum og hvernig þeir virka en fólki

....eða eiginleikar?

- ▶ Þessir hegðunarbættir tengjast beint eða óbeint því að **ná árangri í vísindum**
- ▶ Þeir geta einnig verið mikilvægir við að ná stöðugleika í verkferla, þar sem föst atburðarás skiptir höfuðmáli

Rannsóknir Baron-Cohen

- ▶ Spurði Cambridge stúdenta hvort það væri einstaklingur með einhverfu í fjölskyldunni
- ▶ Bar síðan saman fjölda þeirra sem svaraði spurningunni játandi eftir því hvort þeir stunduðu raunvísindi eða hugvísindi
- ▶ Fleiri í raunvísindahópi áttu systkini eða náinn ættingja sem voru með einhverfu

The Autism-Spectrum Quotient

- ▶ Spurningalisti sem ætlað er að ná til einkenna eða eiginleika einhverfuættar
- ▶ Meðalheildarskor stúdenta (N=840) eftir vísindagreinum raðaði sér á þennan hátt:
stærðfræði > tölvunarfræði > eðlisfræði > verkfræði > læknisfræði > líffræði
- ▶ Sá hópur sem skoraði hæst fyrir utan þá sem greindust með Aspergers heilkenni var breska ólympíuliðið í stærðfræði

Ályktanir

- ▶ Það er mjög háð styrkleikamynstri einstaklings með röskun á einhverfurófi og aðstæðum (eða verkefnum) hvort hann/hún nýtur sín
- ▶ Persónuþættir sem hafa tengsl við einhverfu virðast hjálplegir til að ná árangri í raunvísindum